

IUS lögmannsstofa
B.t.Rúnars Þ. Jóhannssonar
Smáratorg 3
201 Kópavogur

Reykjavík 20. ágúst 2018
UST201807-014/I.M.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Skólphreinsivirki við Hótel Laxá - Mývatn

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn IUS lögmannsstofu, dagsett 2. júlí 2018, um leyfi til framkvæmda á skólphreinsivirki við Hótel Laxá ehf. við Mývatn.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til framkvæmda vegna stækkunar skólphreinsivirkis við Hótel Laxá í landi Arnarvatns við Mývatn um 187 persónueiningar. Verður hreinsivirkið niðurgrafið með tvö loftrör og stjórnþúnað ofanjarðar en aðgangur að honum verður læstur. Er stækkun skólphreinsivirkisins gerð til að mæta aukinni nýtingu á veitingastað hótelsins auk þess að tryggja að hreinsun skólps frá Hótel Laxá verði í fullu samræmi við þær kröfur sem gilda um skólphreinsun á vatnasviði Mývatns og Laxár. Grafa og vörubíll verða notuð til að grafa fyrir geymum. Slóð liggur að framkvæmdasvæðinu frá því þegar eldra hreinsivirki var sett niður. Ekki er þörf á uppsetningu annarra mannvirkja á svæðinu vegna framkvæmdarinnar. Þrír starfsmenn munu vinna að framkvæmdinni. Dregið verður úr neikvæðum áhrifum á ásýnd með því að grafa mannvirkin niður og með því að vanda landslagshönnun. Áætlað er að fara í framkvæmdirnar haustið 2018 og er framkvæmdatími áætlaður tvær vikur.

Umsagnir

Í samræmi við ákvæði 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 leitaði Umhverfisstofnun umsagna Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og umráðamanna lands. Náttúrufræðistofnun Íslands og umráðamenn lands gerðu ekki athugasemdir við framkvæmdina. Umsögn Ramý barst Umhverfisstofnun þann 12. júlí 2018. Gerði stofnunin athugasemdir við að ekki sé gerð grein fyrir tengingu starfsmannahúsa við skólphreinsivirkið. Umhverfisstofnun óskaði einnig eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra (HNE). Umsögn HNE barst Umhverfisstofnun þann 14. ágúst 2018. Gerir nefndin ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Í umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldufyrirspurn framkvæmdarinnar til Skipulagsstofnunar, dagsett 20. júní 2018, segir að samkvæmt viðbótarupplýsingum frá rekstraraðila þá fer hreinsun skólps frá starfsmannahúsunum í gegnum þriggja þrepa hreinsun, seyrutank, síutank og að lokum í gegnum Graf Biomatic siturlangnabeð.

Mat á umhverfisáhrifum

Framkvæmdir við stækkun skólphreinsivirkisins eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar. Óskaði umsækjandi eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmdirnar væru háðar mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu á stækkun skólphreinsivirkisins frá 10. ágúst 2018, er það niðurstaða stofnunarinnar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrifamat:

Áhrifamat sérfræðings Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit er eftirfarandi m.v. verndarandlag friðlýsingar.

Landslag: Framkvæmdin hefur talsverð tímabundin áhrif á ásýnd svæðisins. Eftir að frágangi er lokið og land hefur jafnað sig munu sjónræn áhrif verða lítil og aðeins bundin við næsta nágrenni.

Jarðmyndanir: Ekki eru sérstæðar jarðmyndanir á framkvæmdasvæðinu og því ekki hættu á að jarðmyndunum verði raskað.

Lífriki: Framkvæmdastaður er innan lóðar Hótel Laxár á Olnbogaási í landi Arnarvatns í Mývatnssveit sem er mólendi skv. vistlendisgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Á svæðinu eru vistgerðinar fjalldrapamóavist og lyngmóavist ríkjandi. Verndargildi vistgerðana er miðlungs. Frá framkvæmdastað og að Smiðjutjörn eru um 300 metrar og votlendi er hringinn í kringum Olnbogaás og er verndargildi votlendisins mjög hátt og fuglalíf mikið.

Sé miðað við að framkvæmdir eigi sér stað haustið 2018 er ekki hættu á að fuglalíf verði fyrir varanlegu raski. Ef hreinsivirki skilar tilætluðum árangri og frárennsli frá því er vel frágengið má ætla að áhrif framkvæmdar á næringaefnamengun á svæðinu séu jákvæð.

Framkvæmdin mun ekki hafa á truflandi áhrif á nærliggjandi ferðamannastöðum.

Það er mat Umhverfisstofnunar m.v. fyrirliggjandi upplýsingar að áhrif framkvæmdar séu ásættanleg.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir, fyrir sitt leyti, leyfi fyrir stækkun skólphreinsivirkis við Hótel Laxá ehf. við Mývatn að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Framkvæmdaraðili skal hafa bréf þetta meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir að verkefni loknu.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.

- Hreinsa skal upp allt sorp sem fellur til við framkvæmdina og gæta þess að það dreifist ekki um umhverfið.
- Frágangur eftir að jarðvinnu verður lokið skal vera góður og áhrif á ásýnd takmörkuð eins og kostur er t.d. með því að varðveita torf sem grafið verður upp og leggja það niður að framkvæmd lokinni.
- Allt efni sem losað verður við framkvæmdina skal losað á viðurkenndum stað og gengið frá því með viðeigandi hætti.
- Útrás skólphreinsivirkisins skal vera hulin sjónum á yfirborði.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Allur akstur utan vega, umfram ofangreinda framkvæmd, er óheimill.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Leyfi þetta gildir til 1. maí 2019. Ef fyrrséð er að framkvæmd ljúki ekki fyrir þann tíma skal upplýsa Umhverfisstofnun um það með góðum fyrirvara.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri



René Biasone
Teymisstjóri

